

# Spilafíkn sífelld algengari meðal yngra fólks

Eftir Ómar Friðriksson og Örlyg Stein Sigurjónsson

Spilafíkn verður sífelld algengari meðal yngra fólks og kvenna að sögn Þórarins Tyrfingssonar, yfirlæknis á Sjúkrahúsinu Vog. Sjúklingar með spilafíkn sem sinn aðalvanda hafa fengið úrræði á göngudeildum en algengast er að fíkniefna- og/eða áfengissjúklingar með spilavanda að auki leggist inn á Vog.

"Við höfum skimað þennan hóp og reynt að gera okkur grein fyrir hversu margir eiga í vanda vegna spilaárattu. Það hefur komið í ljós að ríflega tíundi hver sjúklingur sem leggst hér inn á í verulegum vanda vegna spilafíknar," segir Þórarinn, sem bendir á að tækifærum til að spila hafi fjölgað verulega á Vesturlöndum. Með betri aðgangi aukist vandinn um leið.

## 970 spilakassar

Alls eru um 970 spilakassar starfræktir um allt land í dag, en auk Hapdrættis Háskóla Íslands og Háspennu annast Íslandsspil, sem eru í eigu Rauða kross Íslands, Slysavarnafélagsins Landsbjargar og SÁÁ, rekstur spilakassa. Íslandsspil reka 580 spilakassa á 230 stöðum um allt land og Háspenna og HHÍ reka 390 kassa. Hreinar tekjur Íslandsspila, þ.e. að frádregnum vinningum og kostnaði, eru um 900 milljónir króna á ári. Hapdrætti Háskóla Íslands rekur þrjú hapdrættisform, þ.e. flokka-hapdrætti og skafmiðahapdrætti auk spilakassanna. Ekki fengust upplýsingar í gær um hlut spilakassanna í tekjum HHÍ en samkvæmt svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn á Alþingi árið 2005 um söfnunarkassa og hapdrættisvélur voru tekjur HHÍ að frádregnum vinningum og kostnaði um 528 milljónir á árinu 2004.

### Í hnotskurn

- » Allt að 60 ný tilvik spilafíknar koma til kasta SÁÁ árlega.
- » Ágóða af rekstri Hapdrættis HÍ skal varið til þess að reisa byggingar á vegum háskólans.
- » Í fjárlögum í ár er gert ráð fyrir að hagnaður af öllum hapdrættisformum HÍ verði 870 milljónir kr. sem er tæpum 400 milljónum kr. meira en í fjárlögum 2006.

### HELSTU FRÉTTIR MÁLEFNI

[„Ekkert annað en ofbeldi“](#)

[Engar tilslakanir verða fram til 26. júlí](#)

[Tveir dómaraar við Hæstarétt hætta](#)

[„Maður finnur ekki sama andann í þetta skiptið“](#)

[Lagfæringar kosta nær 100 milljónir](#)

### MEST LESIÐ Í GÆR Í VIKUNNI

- [Lögreglan lýsir eftir Maríu Ósk](#)
- [Björginni lokað sökum smits](#)
- [Þórólfur og Víðir „skikkaðir í smá frí“](#)
- [Húsið var talið óíbúðarhæft](#)
- [„Maður finnur ekki sama andann í þetta skiptið“](#)
- [Hefði verið best ef foreldrar væru eftir heima](#)
- [Fimm ný smit í gær](#)
- [Björgunarsveitir kallaðar út vegna leitarinnar](#)
- [Peterson í gistingu](#)
- [Fannst látin](#)

### Nýjast á mbl.is »

- Amazon-þættir Uglu komnir í loftið
- United að missa af gríðarlegu efni
- Kátur Karl sýnir gott fordæmi
- Tveir farþegar úr Norrænu smitaðir
- Samkeppnin fer vel af stað

### Morgunblaðið | Umræðan

[Þetta rýrir traust á stjórnmalum](#)

[Þráhyggja og samsæri](#)

[Meira í Umræðunni »](#)